

Nd.

120. Frumvarp til laga

um viðauka við og breyting á lögum nr. 43 19. maí 1930, um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o. fl.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Bjarni Bjarnason.

1. gr.

Landsstjórninni heimilast að gefa eftir skuld þá, er stofnað hefir verið til vegna áveitu á Skeiðin, að öðru en því, er í lögum þessum segir, og með þeim skilmálum, er þar greinir.

Ennfremur er stjórninni heimilt að taka að sér greiðslu á áveituskuldum jarðanna Skálmholts, Skálmholtshrauns og Þjótanda, og fer um endurgreiðslu þeirra skulda til rikissjóðs eftir ákvæðum þessara laga um greiðslu á áveituskuldum annara jarða áveitusvæðisins.

2. gr.

Hver jarðeigandi á áveitusvæðinu, sem njóta vill ívilnunar laga þessara, skal greiða áveituskatt, er nemi 1 kr. á hektara áveitulands hans í 30 ár. Áveituskattur þessi skal tryggður með lögveði í jörðinni og hafa forgangsrétt fyrir öllum sammingsbundnum veðskuldum, enda skal kvöðin innfærð í veðmálabækur sýslunnar.

3. gr.

Í stað þess að greiða áveituskatt samkv. 2. gr. skal landeiganda heimilt að láta land af hendi upp í áveitukostnað í eitt skipti fyrir öll.

Heimild þessi er þó því skilyrði bundin, að nægilega mikið land fái samfellt frá einni eða fleiri jörðum til stofnunar nýbýlis, að dómi þeirra, er falin er framkvæmd laganna samkv. 11. gr.

4. gr.

Nú er land tekið samkvæmt ósk landeiganda upp í greiðslu á áveitukostnaði, sbr. 3. gr., og skal það þá þannig gert, að af hverjum 8 hekturum áveitulands fær ríkissjóður 2 hektara, en 3 hektara, ef beutiland er tekið í staðinn. Heimilt er þó landbúnaðarráðherra að vikja frá þessu hlutfalli, ef sérstök ástæða þykir til með tilliti til gæða landsins og legu.

5. gr.

Hafi landeigandi gert mannvirki á hinu tekna landi, svo sem flóðgarða o. s. frv., skal meta þau til verðs á móti landi og taka þeim mun minna land, er mannvirkjunum nemur. Mat mannvirkjanna skal fara fram samkv. ákvæðum jarðræktarlaganna um mat á mannvirkjum til landskuldargreiðslu.

6. gr.

Þar, sem svo stendur á, að landi jarðar eða torfu hefir verið skipt milli fleiri ábúenda eða eigenda, en óhentugt þykir að taka land upp í áveitukostnað í réttum hlutföllum við skiptin, skal heimilt að taka land án tillits til skiptanna. En fari svo, að einn landeigandi eða notandi verði harðara úti en annar við landtökuna, skulu ný landskipti þegar fara fram samkvæmt landskiptalögum.

7. gr.

Jafnóðum og lokið er útmælingu þeirra landa, er tekin kunna að verða upp í áveitukostnað, skulu sett upp greinileg landamerki milli þeirra og aðliggjandi jarða, eftir því sem atvinnumálaráðherra nánar mælir fyrir um. Gera skal uppdrátt af þeim löndum, er ríkissjóður fær.

8. gr.

Nú er land látið upp í áveitukostnað af jörð, sem er í leiguabúð, og breytir það í engu umsömdum leigumála jarðarinnar.

9. gr.

Lönd þau, er ríkissjóður fær samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal fara með samkvæmt því, er lög nr. 25 1936, um nýbýli og samvinnubyggðir, mæla fyrir um, eftir því sem við verður komið. En þangað til skal landsstjórnin, að svo miklu leyti sem unnt er, leigja út löndin, og skulu ábúendur þeirra jarða, er löndin eru tekin frá, hafa forleigurétt fyrir það verð, er ríkisstjórnin ákveður.

10. gr.

Útmæling landa samkvæmt ákvæðum laga þessara skal fram fara, að svo miklu leyti sem unnt er, sumarið 1936. En verði verkinu ekki lokið á þeim tíma, skal það framkvæmt á sumarmánuðunum 1937.

11. gr.

Búnaðarfélagi Íslands skal falið að annast framkvæmd laga þessara, undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra, samkv. reglugerð, er hann setur, og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum, er sett voru 1930, var ríkisstjórninni heimilað að taka að sér að annast greiðslu áveituskulda Skeiðamanna. Áveituskuldirnar var svo Skeiðamönnum ætlað að greiða ríkissjóði smám saman með 2% gjaldi af áveituskuldinni eins og hún var þegar löggin öðluðust gildi. Síðar skyldu þeir svo greiða nokkur prósent af verðhækkun jarðanna eftir fasteignamati, og loks nokkur prósent verðhækkunarskatt við sölu. Ríkisstjórnin hefir nú notað heimild þá, er löggin gáfu, til að taka að sér greiðslu þessara áveituskulda. En þegar á að fara að innheimta þau gjöld, er bændunum á Skeiðum ber að greiða samkvæmt þessum lögum, er það sjáanlegt, að þeim er það langt um megn. Ef ætti að gera þær kröfur gildandi, sem löggin tiltaka, væri gersamlega eyðilagður fjárhagur bændanna og þeir myndu flæmast frá jörðunum, og þeir, er við þeim tækju, mundu sízt gera ríkissjóðnum meiri eða betri skil. Slíkt leiddi því aðeins til ófarnaðar eins. Það virðist því ekki annað geta komið til mála en að ívilna hændunum það mikið í þessum skuldum, að þeir geti haldizt við á jörðunum. Það er í sjálfu sér ekkert einkennilegt, þó að bændur geti nú ekki greitt það, sem hugsanlegt var, að þeir kynnu að geta goldið 1930, þegar það var ákveðið. Síðan hefir ástandið breyttz svo stórkostlega. Þetta frumv. er sniðið eftir lögum um uppgerð á áveituskuld Flóamanna. Skeiðamönnum er hér gert að greiða hlutfallslega jafnmikið og Flóamenn greiddu. Og sýnist það sanngjarnt.

Gert er ráð fyrir, að þeir greiði með landi, eftir því sem þeir hafa aðstöðu til. Er vonandi, að ríkissjóður geti gert sér það land arðherandi, með því að stofna nýbýli á því, eða ef hagkvæmara þykir, með því að leigja löndin út.

Sakir þess að áveituskuldir jarðanna Skálmholts, Skálmholtshrauns og Þjótanda féllu ekki undir ákvæði laganna frá 1930 um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni, eru þessar jarðir nú sérstaklega greindar í 1. gr. 1930 voru þær í eign erlends hlutafélags, og því þóttli ekki þá ástæða til að láta löggin taka til þeirra. Nú eru þær bændaeign, og eigendur þeirra þurfa ekki síður en aðrir á stuðningi að halda.